

Fundargerð 9. fundar

Föstudaginn 15. maí 2020 var haldinn 9. fundur verkefnishóps um Sveitarfélagið Suðurland.

Fundurinn var haldinn í fjarfundi í gegnum Zoom.

Fundinn sátu:

- Anton Kári Halldórsson, formaður
- Ágúst Sigurðsson
- Ásta Berghildur Ólafsdóttir
- Björk Grétarsdóttir
- Christiane L. Bahner
- Egill Sigurðsson
- Einar Freyr Elínarson, ritari
- Eva Björk Harðardóttir
- Lilja Einarsdóttir
- Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
- Páll Tómasson
- Sandra Brá Jóhannsdóttir
- Valtýr Valtýsson
- Þorbjörg Gísladóttir

Arndís Harðardóttir boðaði forföll.

Auk kjörinn fulltrúa sátu fundinn Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson, verkefnisstjórar.

Formaður setti fund kl. 9:10.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

- Samþykkt athugasemdalaust.

2. Stjórnskipulag og fjárhagur

Ráðgjafar kynntu frumgreiningu stjórnskipulagi og fjárhag. Greiningin er vinnuskjal sem unnið verður með áfram og er ekki til opinberrar birtingar.

Markmið greiningar á stjórnskipulagi er að taka saman upplýsingar um uppbyggingu stjórnskipulags sveitarfélaganna fimm sem skapar grundvöll fyrir umræðu um framtíðarfyrirkomulag ef til sameiningar kemur. Starfshópur um Starfshópur um stjórnsýslu og fjármál mun vinna með nánar með gögnin þegar hann tekur til starfa í ágúst.

Teknar voru saman upplýsingar um allar nefndir, ráð og stjórnir á vegum sveitarfélaganna og fjölda fulltrúa í þeim. Þá voru teknar voru saman upplýsingar um fjölda starfsmanna og stöðuheiti í miðlægri stjórnsýslu.

Þær upplýsingar voru bornar saman við sveitarfélögin

- Árborg
- Borgarbyggð
- Fjarðabyggð
- Norðurþing
- Skagafjörð

Markmið fjárhagsgreiningarinnar er að veita yfirsýn yfir rekstrarhæfi, skuldastöðu og fjárfestingagetu sveitarfélaganna fimm og sameinaðs sveitarfélags yfir tímabilið 2013-2023.

Ráðgjöfum var falið að greina betur störf og stöðugildi í stjórnslu að samstarfsverkefnum meðtöldum. Auk þess að afla upplýsinga um kostnað við aðkeypta sérfræðipjónustu og kostnað við upplýsingakerfi.

Ákveðið að uppfæra líkanið með upplýsingum úr ársreikningum 2019 og endurskoðaðar fjárhagsáætlanir 2020-2023 þegar þær liggja fyrir og gera samanburð á gjaldskrá og álagningarhlutföllum sveitarfélaganna.

Samþykkt var að leitað yrði sjónarmiða ungmennaráða og öldungaráð sérstaklega þegar hugmyndir að útfærslu stjórnskipulags koma til umræðu.

3. Heimasíða

Upplýst var um stöðuna á heimasíðu verkefnisins. Verið að vinna í texta á ensku, en texti á pólsku er að mestu tilbúinn.

4. Næstu fundir.

- Næsti fundur er áætlaður 12. júní frá kl. 10-12 á Hellu.

Formaður sleit fundi kl. 10.45.